Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1445
komudagur 16/4 1996

Félag íslenskra leikskólakennara

Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Reykjavík, 15. apríl 1996.

**Efni: Umsögn Félags íslenskra leikskólakennara um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.**

Félag íslenskra leikskólakennara hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Það er vilji Félags íslenskra leikskólakennara til að bæta vinnulag við kjarasamninga en telur mikilvægt að þessi mál verði skoðuð í heild **og krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka og hafin verði vinna ríkisvalds og samtaka stéttarfélaga þar sem málið verði skoðað heildstætt.**

Margir allvarlegir ágallar eru á frumvarpinu, þar má nefna aukið vald sáttasemjara til að þvinga fram miðlunartillögu og láta hana ganga yfir vinnumarkaðinn í heild sinni í óþökk þeirra sem hlut eiga að máli.

Að öðru leyti vísast í umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Virðingarfyllst
f.h. Félag íslenskra leikskólakennara

Guðrún Alda Harðardóttir
formaður

Grettisgötu 89 · 105 Reykjavík · ☎ 562 7610 · Kennitala 440472-0879 · Fax 562 9106